

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 9/96
frá 26. mars 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
15/96 frá 4. mars 1996⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/27/EB frá 29. júní 1995 um breytingu á tilskipun
ráðsins 86/662/EBE um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og
beltaskóflum og traktorsgröfum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 86/662/EBE) í VI. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- 395 L 0027: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/27/EB frá 29. júní 1995 (Stjtið.
EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 14).“

2. gr.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 14.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/27/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner